



Fjölbrautaskóli Suðurlands

ÍSLE1MR05 – Mál og ritun

Kennsluáætlun – haustönn 2018

Kennarar áfangans:

Gísli Skúlason, Guðbjörg Grímsdóttir, Rósa Marta Guðnadóttir.

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lagt upp með að nemendur þjálfist í lestri, lesskilningi, framsögn og ritun. Lesin er ein skáldsaga og verkefni tengd henni unnin. Að auki eru unnin smærri verkefni sem ætluð eru til að þjálfa nemendur í byggingu efnisgreina og ýmiss konar nytjatexta. Einnig koma nemendur fram fyrir hóp og tjá skoðanir sínar á hugðarefnum sínum og þeim bókmenntatextum sem lesnir verða.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðarsmíð
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- mismunandi lestraraðferðum
- bókmenntum
- nokkrum tegundum nytjatexta
- mismunandi framsetningu og stíl
- helstu bókmenntahugtökum

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa mismunandi textagerðir í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta málfræðihugtök til að bæta eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem styttri texta og fjalla um inntak þeirra
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- byggja upp mismunandi texta með viðeigandi málfari
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar texta

- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir og skoðanir á málefnalegan hátt
- nýta algeng stílbrögð til að leggja áherslu á orð sín
- beita blæbrigðum í máli til að forðast einhæfni og endurtekningar
- setja sig í spor annarra og virða skoðanir þeirra

Kennslubækur og kennslugögn

- Arnar Már Arngrímsson: *Sölvasaga unglings*.
- *Skrambi* (leiðréttingarforrit á netinu)
- *Íslensk orðabók*.
- Snara.is – orðabækur (opinn aðgangur í skólanum).
- Efni frá kennurum.
- Vangaveltubók/mappa.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn

Áfanginn er án lokaprófs en námsmat fer fram jafnt og þétt yfir önnina. Mikilvægt er því að nemendur skili jafnri og góðri vinnu frá upphafi til loka annar. Einkunnir byggja á verkefnum og prófum. Vægi einstakra námsþátta verður eftirfarandi:

Ýmsar ritunaræfingar	20%	Sölvasaga, próf og verkefni	50%
Mæting og virkni	10%	Vangaveltubók/mappa	20%

Verkefnaskil

- Öllum verkefnum skal skilað á tilsettum tíma. Nemendur þurfa að skila verkefnum úr öllum lotum!
- Geti nemendur ekki einhverra hluta vegna mætt í kennslustund bera þeir sjálfir ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á Moodle/Innu en einnig er hægt að hafa samband við kennara.
- Allir nemendur eru skráðir í Moodle/Innu-kennsluumsjónarkerfið og þurfa að fylgjast með því sem þar fer fram.
- Nemandi sem missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og skal ávallt bera upp þá ósk um leið og mætt er á ný.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög, öllum slíkum málum verður vísað til skólastjórnenda.
- Notkun síma og samsvarandi tækja er ekki heimil í kennslustundum nema í tengslum við námið. Ítrekuð óleyfileg notkun slíkra tækja samsvarar fjarvist.

Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni

Vika	Dags.	Verkefnavinna
Lota 1 – ritunarverkefni af ýmsum toga m.a. tengd <i>Sölvasögu unglings</i>		
33-34	20. – 24. ágúst	Áfangi kynntur. Lesin er bókin <i>Sölvasaga unglings</i> . Glósa lestur (allan tímann), allt að 5 línur úr kafla. Ritun.
35	27.-31. ágúst	Lestur og umræður um <i>Sölvasögu</i> . Æfingar í málnotkun og ritun. <i>Sölvasaga</i> lesin heima.
36	3.-7. sept.	Æfingar í málnotkun og ritun. <i>Sölvasaga</i> lesin heima.
37	10.-14. sept.	Æfingar í málnotkun og ritun. <i>Sölvasaga</i> lesin heima.
38	17-21. sept.	Æfingar í málnotkun og ritun. <i>Sölvasaga</i> lesin heima.
Lota 2 – verkefnavinna tengd <i>Sölvasögu unglings</i>		
39	24-28. sept.	Sölvasaga, próf 1 Verkefni, umræður, ígrundun.
40	1.-5. okt Miðannarmat	Verkefni, umræður, ígrundun.
41	8.- 12. okt. (haustfrí 12. og 13. okt.)	Sölvasaga, próf 2 Verkefni, umræður, ígrundun. Miðannarmat.
42	15. – 19. okt.	Verkefni, umræður, ígrundun.
43	22. okt. – 27. okt.	Sölvasaga, próf 3 Verkefni, umræður, ígrundun.
44	29. okt.-2.nóv	Verkefni, umræður, ígrundun. Sölvasaga, – lokapróf.
Lota 3 – bókmenntir og ritun		
45	5.-9. nóv.	Bókmenntir og ritun.
46	12. – 16. nóv.	Bókmenntir og ritun. Dagur íslenskrar tungu.
47	19. – 23. nóv.	Bókmenntir og ritun.
48	26.-30. nóv .	Bókmenntir og ritun. Lokaverkefni.
49	4. des.-7. des	Lokaverkefni.
50	8. –11. des.	Námsmatsdagar.
51	14. – 18. des.	Próf – einkunnasýning – brautskráning laugardag 19. des.

Selfossi, 16. ágúst 2018.

Með von um góða samvinnu og fyrirvara um breytingar.

Kennarar